



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsögn í tengslum við erindi Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík vegna ákvæðis um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum tónlistarskóla 2017-2018 og 2018-2019.

Vísað er til beiðni skrifstofu borgarstjóra, dags. 23. ágúst sl., um að skóla- og frístundasvið veiti umsögn um erindi Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík, dags. 14. ágúst 2018 í tengslum við ákvæði um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum tónlistarskóla 2017-2018 og 2018-2019

Nýjar reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla voru samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017. Jafnframt var unnið að gerð nýrra þjónustusamninga við tónlistarskóla sem byggðir voru á framangreindum reglum sem þá voru í drögum. Samningarnir voru í tveimur útgáfum, annars vegar vegna kennslu á neðri stigum og hins vegar vegna kennslu á efri stigum. Umsagna var óskað frá fulltrúum tónlistarskóla sem og Sambandi sveitarfélaga o.fl.

Í gr. 12.4 reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla segir: *Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.*

Í ákvæðum til bráðabirgða í reglum segir um endurskoðunarkröfu: *Ársreikningur tónlistarskóla skal vera endurskoðaður frá og með árinu 2018 og gildir þannig um gerð ársreiknings vegna ársins 2017.*

Ástæðan fyrir kröfu um endurskoðun m.a. er sú að með því er tryggt að ársreikningur sé gerður í samræmi við lög um rekstur fyrirtækja af því tagi sem um ræðir hverju sinni og á að gefa borginni tækifæri til að kanna um fjárhagslega getu skólanna til að standa undir þeim kröfum sem þjónustusamningur gerir til viðkomandi skóla.

Reykjavíkurborg er ekki í endurskoðunarhlutverki gagnvart tónlistarskólunum, en verður að geta treyst því að framkvæmd fyrirtækja sem samningar eru gerðir við og eru með í höndum fjárveitingar frá borginni á bilinu 13 – 195 milljónir króna á ári, sé í samræmi við lög. Til þess að svo sé þurfa reikningar tónlistarskólanna að vera endurskoðaðir.

Á það er bent að skv. samningum um framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla er gerð krafa

um að ársreikningar séu endurskoðaðir. Gert er ráð fyrir að gerð verði sama krafa gagnvart samningum um framlag til sjálfstætt rekinna leikskóla en endurskoðun samninga stendur nú yfir.

Með bréfi, dags. 5. júlí 2018, minnti skóla- og frístundasvið tónlistarskóla á skyldu til skila á endurskoðuðum ársreikningi.

Þann 20. ágúst 2018 var eftirfarandi erindi sent tónlistarskólastjórum þar sem upp höfðu komið spurningar um framkvæmdina:

Ágæti tónlistarskólastjóri

Ófrávikjanleg krafa verður gerð um endurskoðaða ársreikninga tónlistarskóla þegar heilt uppgjörstímabil hefur fallið undir reglur og samninga frá vori og hausti 2017.

Ársreikningar vegna skólaársins 2017-2018 falla þannig undir þessa kröfu strax – og ársreikningar vegna almanaksársins 2018 gera það svo í kjölfarið.

Rétt er að benda á kröfu um breytt uppgjörstímabil frá hausti 2019.

Í skýrslu starfshóps um fjárhagsstöðu tónlistarskóla frá 2014 var sérstaklega bent á mögulega samlegðartækifæri á sviði launaútreikninga og bókhalds og er sú ábending ítrekuð hér.

Eftir stendur að krafa er gerð um endurskoðaða ársreikninga í nánustu framtíð frá öllum tónlistarskólum með samning við Reykjavíkurborg, þ.e. vegna skólaársins 2017-2018 og vegna almanaksársins 2018.

Í erindi STÍR kemur fram að eina leiðin í stöðunni, ef kröfunni um endurskoðun er haldið til streitu, sé að hækka skólagjöld. Það veldur vonbrigðum að þrátt fyrir skýrar ábendingar árið 2014 (sjá bréf hér að ofan) um að leita leiða til hagræðingar í rekstri tónlistarskóla með samvinnu um fasta kostnaðarþætti í rekstrinum sjái fulltrúar STÍR ekki ástæðu til að í öllu falli að nefna að slíkar leiðir verði kannaðar.


Sjálfstæðir tónlistarskólar með samning við Reykjavíkurborg vegna kennslu á neðri stigum tónlistarnáms eru 17 talsins. Það má færa gild rök fyrir því að þeir séu of margir. Þau rök hníga þá ekki síst einmitt að þeim kostnaði sem hægt væri að mæta með hagkvæmari hætti í stærri einingum s.s. húsnæðiskostnaði, launavinnsla, bókun og endurskoðun, svo eitthvað sé nefnt. Aðeins kostnaður vegna kennslu og stjórnunar fellur undir framlög sveitarfélags. Öðrum kostnaði vegna rekstrar er mætt með skólagjöldum. Er þetta samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla frá 1985 en þar segir í 11. grein: *Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.*

Áhyggjur af háum skólagjöldum í tónlistarskólum í Reykjavík beinast því eðlilega m.a. að margföldun á föstum kostnaði margra smárra fyrirtækja eins og skýrt kemur einnig fram í erindi STÍR. Til margra ára hafa tónlistarskólastjórar í Reykjavík fengið hvatningu frá hendi borgarinnar til að skoða möguleika á sameiningu einhverra skóla, samrekstri eða könnun á öðrum leiðum til að auka hagkvæmni í rekstri skólanna. Aðeins hefur fækkað um einn skóla á þessu árabili og engin dæmi um samrekstur. Ekki er vitað til þess að samvinna sé um samninga við aðila til að sjá um launavinnslu eða bókhald fyrir tvo eða fleiri skóla.

Rétt er að taka skýrt fram að hér er aðeins verið að fjalla um ákveðna hlið á fjárhagslegu umhverfi tónlistarskóla í Reykjavík. Ekki eru hér til umfjöllunar gæðin í starfi þeirra og þau

verðmæti sem starfsemin skapar hjá einstaklingunum sem þess njóta og á sviði menningar á Íslandi.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

